

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2018, miðvikudaginn 15. ágúst kl. 9:07, var haldinn 3. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðsal. Viðstaddir voru: Sigurborg Ó. Haraldsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Kristín Soffía Jónsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Eypór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúarnir Baldur Borgþórsson og Ásgerður Jóna Flosadóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Orvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Þorsteinn Hermannsson, Nikulás Úlfar Músson, Oddrún Helga Oddsdóttir, Sonja Wium, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson Marta Grettisdóttir og Sigurjóna Guðnadóttir. Fundaritari er Harri Ormarsson

Þetta gerðist:

(D) Ýmis mál

1. Tillaga fulltrúa Miðflokksins varðandi lögmati fundarins., Mál nr. US180206

Lögð fram tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins varðandi lögmati fundarins. Miðflokkurinn telur að vegna alvarlegra ágalla við fundarboð 3. fundar Skipulags og Samgönguráðs sé fundurinn ólögmatgur og geti þar af leiðandi ekki farið fram. Fundarboð fulltrúa Miðflokksins barst ekki fyrir en kl.08.30 í dag, 15. ágúst eða 30 mín.

Fundarboð hefur enn ekki borist fulltrúa Sjálfstæðisflokks.

Fundardagskrá barst ekki með eðlilegum hætti.

Það er því ljóst að fundur þessi er ólögmatgur og ber því að afboða hann og boða til að nýju með lögmatum hætti og krefst Miðflokkurinn þess að svo verði.

Miðflokkurinn óskar eftir að fram fari atkvæðagreiðsla um tillögu þessa í upphafi fundar.

Mikilvægt er að vandað sé til vinnubragða.

Tillagan felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Pírata Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur fulltrúa Samfylkingarinnar Hjálmars Sveinssonar og Kristínar Soffíu Jónsdóttur og fulltrúa Viðreisnar Gunnlaugs Braga Björnssonar gegn þrem atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Eypórs Laxdal Arnalds, Hildar Björnsdóttur og Valgerðar Sigurðardóttur.

Bókun áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

"Miðflokkurinn telur að vegna alvarlegra ágalla við fundarboð 3. fundar Skipulags og Samgönguráðs sé fundurinn ólögmatgur og geti þar af leiðandi ekki farið fram.

Fundarboð fulltrúa Miðflokksins barst ekki fyrir en kl. 08.30 í dag, 15. ágúst eða 30 mín. Fundarboð hefur enn ekki borist fulltrúa Sjálfstæðisflokks.

Fundardagskrá barst ekki með eðlilegum hætti.

Það er því ljóst að fundur þessi er ólögmatgur og ber því að afboða hann og boða til að nýju með lögmatum hætti og krefst Miðflokkurinn þess að svo verði.

Mikilvægt er að vandað sé til vinnubragða."

Bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Eypórs Laxdal Arnalds, Hildar Björnsdóttur og Valgerðar Sigurðardóttur:

"Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði draga lögmati fundarins í efa. Við höfum óskað eftir því að fundi verði frestað og hann boðaður aftur með lögmatum hætti.

Í 2. mgr. 7. gr. samþykktu ráðsins kemur fram að fundi skuli boða með minnst sólarhring fyrirvara og að dagskrá skuli fylgja fundarboði.

Tveir fulltrúar ráðsins fengu ekki fundarboð innan lögbundins frests. Eins fylgdi dagskrá fundarins ekki fundarboði líkt og 2. mgr. 7. gr. gerir ráð fyrir. Barst dagskráin ekki fyrr en eftir hádegi, degi fyrir áformaðan fund. Það getur ekki talist nægjanlegur tími fyrir ráðsmenn að kynna sér efni og gögn fundarins með fullnægjandi hætti. Á dagskrá eru 75 mál og fjöldi gagna sem ráðsmenn verða að kynna sér umtalsverður. Þessi mál varða heilmikla hagsmuni fyrir borgarbúa og skiptir miklu að rétt sé haldið á ákvarðanatöku. Öðrum kosti geta þeir sem eiga mál fyrir nefndinni látið reyna á lögmæti fundarins og niðurstöður hans. Við leggjum ríka áherslu á vönduð og fagleg vinnubrögð.

Eins voru umbeðin mál okkar ekki sett á dagskrá fundarins, þvert á ákvæði 2. mgr. 7. gr. samþykktanna.

Ekki var orðið við beiðni okkar um frestun fundar. Við drögum lögmæti fundarins í efa og teljum rétt að víkja af fundi."

Bókun fulltrúa Pírata Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur, fulltrúa Samfylkingarinnar Hjálmars Sveinssonar og Kristínar Soffiu Jónsdóttur og fulltrúa Viðreisnar Gunnlaugs Braga Björnssonar:

"Vegna bilunar í tölvukerfi og innsláttarvillu í netfangi fengu ákveðnir ráðsmenn boðun á fundinn seinna en ella og dagskrá fór út síðar en vanalegt er. Engu að síður er það ótvírætt álit lögfræðinga sviðsins að framangreindir ágallar valdi ekki því að fundurinn teljist ólögmætur. Allir ráðsmenn hafi verið meðvitaðir um að fundurinn færi fram og mætt tímanlega á fundinn.

Það er miður að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins kjósi að koma fram með þessum hætti í pólitískum tilgangi enda mikið hagsmunamál fyrir borgina og borgarbúa að halda fundinn.

Það var öllum gert ljóst í upphafi fundar að orðið yrði við öllum beiðnum um frestun vegna þessara tafa útsendingar gagna. Því óskiljanlegt að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins treysti sér ekki til að sitja fundinn og vilji heldur tefja mál og valda auknum kostnaði fyrir borgina og borgarbúa."

Bókun fulltrúa Miðflokksins Baldurs Borgþórssonar vegna afgreiðslu tillögu Miðflokksins um ólögmæti fundar: Vegna afgreiðslu tillögu Miðflokksins um ólögmæti fundar þar sem tillagana var felld með 4 atkvæðum meirihluta gegn 3 atkvæðum minnihluta, sér fulltrúi Miðflokksins sér ekki fært að sitja fundinn, enda mikil vafi á lögmæti hans.

Miðflokkurinn hvarfar afgreiðslu málsins af hálfu meirihluta."

Kl. 9:43 véku fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir ásamt áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins Ásgerður Jóna Flosadóttir af fundi.

(A) Skipulagsmál

2. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir Mál nr. SN010070

Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa 6. 13. 20. og 27. júlí og 10. ágúst 2018.
Frestað.

3. Fossvogur brú, deiliskipulag (01.8) Mál nr. SN160764

Að lokinni kynningu er lögð fram tillaga á vinnslustigi að nýju deiliskipulagi ásamt greinargerð dags. 30. apríl 2018 vegna lagningu brúar yfir Fossvog. Tillagan gerir ráð fyrir lagningu vegar fyrir almenningsamgöngur, hjólastígs og göngustígs, sem tengir saman Reykjavík og Kópavog yfir Fossvog. Tillagan gerir einnig ráð fyrir landfyllingu undir sitthvorum brúar-endanum. Einnig lagt fram minnisblað EFLU dags. 26. apríl 2018. Kynning stóð til og með 20. júní 2018.

Eftirtaldir aðilar sendu umsagnir/athugasemdir/ábendingar: Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins dags. 11. júní 2018, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 12. júní 2018, Vegagerðin dags. 14. júní 2018, Skipulagsstofnun dags. 18. júní 2018, Landssamtök hjólreiðamanna dags. 20. júní 2018, Minjastofnun Íslands dags. 20. júní 2018, Veitur dags. 20. júní 2018, Isavia dags. 20. júní 2018 og Umhverfisstofnun dags. 4. júlí 2018. Einnig lagt fram minnisblað Alta dags. 11. júlí 2018.

Kl. 9:51 vék fulltrúi Miðflokksins Baldur Borgþórsson af fundi.

Athugasemdir og ábendingar kynntar.

Fulltrúar Pírata, Samfylkingar og Viðreisnar þakka áhugaverða kynningu og vönduð vinnubrögð. Enginn vafi er á að brú fyrir vistvæna samgöngumáta frá Kársnesi yfir til Reykjavíkur verður mikilvæg samgöngubót. Okkur finnst miður að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúar Flokks Fólksins og Miðflokksins skyldu kjósa að ganga af fundi og þar með missa af kynningunni.

Björn Ingi Edvardsson og Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjórar og fulltrúar Alta Þóra Kjarval og Hrafnhildur Brynjólfsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Hallveigarstígur 1, breyting á (01.171.2) Mál nr. SN180289
deiliskipulagi
550513-0560 PARAS ehf., Súlunesi 14, 210 Garðabær

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn PARAS ehf. dags. 18. apríl 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.2, Laugavegs- og Skólavörðustígsreits, vegna lóðarinnar nr. 1 við Hallveigarstíg. Í breytingunni felst að grafið er út á svæði á norðurhlíð byggingar sem verður með sama gólfkóta og kjallari. Svæðið verður útisvæði og hugsað sem setsvæði fyrir veitingaaðstöðu og sem aðgengi að utan og beint niður í kjallara og gert er ráð fyrir tröppu vestanmegin frá, samkvæmt uppdr. A arkitekta dags. 18. apríl 2018. Einnig er lagt fram samþykki meðlóðarhafa ódags. Tillagan var auglýst frá 30. maí 2018 til og með 11. júlí 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: 20 íbúar og rekstraraðilar að Skólavörðustíg 4A/B, 4C, 6B, 8 og 10 og Ingólfsstræti 5, 7A og 7B, dags. 4. júní 2018, Erna Valdís Valdimarsdóttir, Davíð Örn Arnarson og Katrín Asta Gísladóttir dags. 7. og 8. júlí 2018, Ragnheiður Torfadóttir dags. 7. júlí 2018 og Edda Björgvinsdóttir dags. 11. júlí 2018. Einnig er lagt fram bréf/athugasemd Arnars Bjartmarz dags. 2. ágúst 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. ágúst 2018 ásamt uppdrætti A arkitekta ehf. dags. 18. apríl breyttur 10. ágúst 2018.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. ágúst 2018.
Vísað til borgarráðs.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Skógarhlíð 22, Þóroddsstaðir, breyting á (01.705.8) Mál nr. SN160912
deiliskipulagi
450406-0230 VERT ehf., Skógarhlíð 22, 105 Reykjavík
470498-2699 Hornsteinar arkitekta ehf, Ingólfsstræti 5, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Hornsteina arkitekta ehf. mótt. 1. desember 2016 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skógarhlíðar vegna lóðarinnar nr. 22 við Skógarhlíð. Í breytingunni felst að skilgreina notkun lóðarinnar undir íbúðabyggingu og heimila uppbyggingu húsnæðis sem tekur mið af formgerð Þóroddsstaða. Heimilt verði að byggja allt að 18 íbúðir á lóðinni, að hámarki 6 íbúðir í núverandi húsi (Þóroddsstöðum) og að hámarki 12 íbúðir í nýbyggingunni, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. Hornsteina

arkitekta ehf. dags. janúar 2018. Einnig er lögð fram drög að greinargerð, ódags., umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 28. mars 2017 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 8. maí 2017. Tillagan var auglýst frá 26. mars 2018 til og með 7. maí 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Anna Úrsúla dags. 26. mars 2018, undirskriftarlisti 12 aðila dags. 7. maí 2018 og Veitur dags. 7. maí 2018. Einnig er lagt fram bréf Karim Askari forstjóra stofnunar múslima á Íslandi dags. 6. apríl 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. júní 2018.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. júní 2018.
Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Bankastræti 12, breyting á skilmálum (01.171.2) Mál nr. SN170713
deiliskipulags
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
711003-2070 Prikið ehf, Bankastræti 12, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Plúsarkitekta ehf. mótt. 28. september 2017 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.171.2 vegna lóðarinnar nr. 12 við Bankastræti. Í breytingunni felst að koma fyrir geymslu, sorpgerði og svölum á nýbyggingu á baklóð, samkvæmt tillögu Plúsarkitekta ehf. dags. 30. október 2017. Tillagan var grenndarkynnt frá 21. nóvember 2017 til og með 19. desember 2017. Engar athugasemdir bárust en tölvupóstur barst frá Guðmundi Hjaltasyni dags. 11. desember 2017 og húsfélaginu Ingólfsstræti 4, dags. 19. janúar 2017 þar sem óskað er eftir frekari gögnum til upplýsinga. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. janúar 2018. Tillagan var grenndarkynnt að nýju frá 5. apríl 2018 til og með 7. maí 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Benóný Ægisson ásamt fylgiskjölum dags. 7. maí 2018.
Frestað.

7. Hlíðarendi 20-26, breyting á skilmálum (01.629.6) Mál nr. SN180488
deiliskipulags
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík
610716-1480 Frostaskjól ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Sigurðar Hallgrímssonar dags. 27. júní 2018 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Hlíðarenda vegna lóðarinnar nr. 20-26 við Hlíðarenda. Í breytingunni felst að valkvætt verður að byggja bílageymslu fyrir atvinnuhúsnæði á jarðhæð eða í bílakjallara, samkvæmt tillögu Arkþings ehf. dags. 15. maí 2018.
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Gamla höfnin - Vesturbugt svæði 06, (01.0) Mál nr. SN180560
breyting á deiliskipulagi
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Yrki arkit. ehf. dags. 7. ágúst 2018 vegna breytingu á deiliskipulagi fyrir svæði 06 við Vesturbugt. Farið er fram á minniháttar breytingu sem er vegna færslu lóðarmarka og breikkun byggingarreita og svæðis innan lóðarmarka suðaustanmegin við byggingarreit samkv. meðfylgjandi uppdr. dags. 6. ágúst 2018..
Frestað.

9. Vesturlandsvegur Hallar, breyting á skilmálum Mál nr. SN180567

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa dags. 10. ágúst 2018 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulagsins Vesturlandsvegur Halla. Í breytingunni felst að fellt er úr gildi 1000 fermetra lágmarksstærð einstakra verslana.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Sólveig Sigurðardóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. Túngata 15, Landakotsskóli, breyting á (01.16) Mál nr. SN180302
deiliskipulagi
680169-4629 Kaþólska kirkjan á Íslandi, Hávallagötu 14-16, 101 Reykjavík
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 24. apríl 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Landakotsreits vegna lóðarinnar nr. 15 við Túngötu, Landakotsskóli. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreits, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 31. maí 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 11. júní 2018 til og með 9. júlí 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Björg Bergljót Pálmadóttir, Jóhannes Benediktsson, Þorbjörg Skjaldberg, Málfríður Skjaldberg, Halla Helga Skjaldberg og Sigurlaugur Þorkelsson eigendur íbúða að Hávallagötu 22 dags. 7. júlí 2018. Frestað.

11. Rafstöðvarvegur 37, breyting á (04.26) Mál nr. SN180562
deiliskipulagi
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Lögð fram umsókn Veitna ohf. dags. 8. ágúst 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals vegna lóðarinnar nr. 37 við Rafstöðvarveg. Í breytingunni felst að útbúa lóð í kringum áætlað borholuhús á bílaplani bækistöðvar garðyrkju við Rafstöðvarveg 37. Gert er ráð fyrir að ný lóð fyrir borholuhús sé Rafstöðvarvegur 37A, samkvæmt uppdrætti Landslags dags. 7. ágúst 2018.

Frestað.

(B) Byggingarmál

12. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari eru :

fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 981 frá 10. júlí 2018,
fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 982 frá 17. júlí 2018,
fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 983 frá 24. júlí 2018,
fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 984 frá 14. ágúst 2018.

Frestað.

13. Stigahlíð 45-47, Ofanábygging (01.712.101) Mál nr. BN052805
670614-0930 Suðurver ehf., Stigahlíð 45-47, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. nóvember 2017 þar sem sótt er um leyfi til að byggja eina hæð ofan á núverandi hús með 14 íbúðum og sameiginlegu þvottahúsi ásamt því að endurinnrétta 2. hæð fyrir skrifstofur, setja lyftu sem tengir allar hæðir og koma fyrir hjóla- og vagnageymslu í kjallara í húsi á lóð nr. 45-47 við Stigahlíð.

Erindi var grenndarkynnt frá 8. febrúar 2018 til og með 8. mars 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Jón Gunnar Jónsson og Fríða Birna Kristinsdóttir dags. 22. febrúar 2018, Mörkin lögmannsstofa hf. f.h. Hannesar Hall dags. 28. febrúar 2018, Óskar Rafnsson dags. 5. mars 2018, Sigríður Þorvaldsdóttir, Árni B. Kvaran, Elín S. Kristinsdóttir og Arndís Lilja Guðmundsdóttir dags. 7. mars 2018, Karl Thoroddsen og Kristín Vala Erlendsdóttir dags. 7. mars 2018, húseigendur að Stigahlíð 37 dags. 8. mars 2018, Heimir Hálfðánarson, Þórdís Þorvaldsdóttir og Elísabet Þorvaldsdóttir dags. 8. mars 2018 og Elín Kjartansdóttir og Jón E. Arnason dags. 12. mars 2018. Einnig er lagt fram skuggavarp Glámu/Kím dags. 10. júlí 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. maí 2018.

Stækkun: A-rými 933,4 ferm., 3.116,3 rúmm. Fylgigögn með erindi eru: Samþykki meðeigenda dags. 19.04.2017. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 04.03.2017. Bréf arkitekts dags. 18.04.2017 og 30.10.2017. Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 18.04.2017. Brunahönnunarskýrsla dags. apríl 2017. Hljóðvístarskýrsla dags. febrúar 2017. Lagður er fram lóðarleigusamningur fyrir bílastæðalóð dags. 01.02.2007. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. júlí 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júlí 2017. Gjald kr. 11.000

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. maí 2018 samþykkt
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

14. Freyjugata 41, Kaffihús (01.194.206) Mál nr. BN054645
590416-0370 Ásmundarsalur ehf., Sjafnargötu 3, 101 Reykjavík
Að lokinni kynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. maí 2018 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta veitingahús í flokki II, teg. e fyrir 55 gesti í Ásmundarsal á lóð nr. 41 við Freyjugötu. Erindið var kynnt til og með 29. júní 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Elín Borg dags. 12. júní 2018, Benedikt Hjartarson dags. 12. júní 2018, Ingunn Ingimarsdóttir og Páll Borg dags. 26. júní 2018, Fanney Hermannsdóttir dags. 29. júní 2018 og Kristín Jóhannesdóttir dags. 29. júní 2018. Að loknum athugasemdarfresti barst athugasemd frá Elísabetu H. Steinarsdóttur og Ástþóri Ragnarssyni dags. 17. júlí 2018. Einnig er lagt fram bréf Aðalheiðar Magnúsdóttur og Sigurbirni Þorkelssyni mótt. 18. júlí 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. ágúst 2018.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. ágúst 2018 samþykkt
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

15. Tryggvagata og Miðbakki, stöðubann Mál nr. US180181

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagsviðs, samgöngur dags. 4. júlí 2018 þar sem lagt er til að sett verði bann við því að leggja í Tryggvagötu/Geirsgötu í um 30 m inn eftir götunni og bann við að leggja á Miðbakka frá Suðurbugt að Geirsgötu.
Frestað.

16. Aðalstræti, bann við því að leggja í Aðalstræti, stöðubann Mál nr. US180182

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagsviðs, samgöngur dags. 4. júlí 2018 þar sem lagt er til bann við því að leggja í Aðalstræti frá Vallarstræti í um 25 m inn eftir götunni.
Frestað.

17. Traðarland, stöðubann Mál nr. US180188

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 1. ágúst 2018 þar sem lagt er til að sett verði stöðubann við báða kanta Traðarlands. Frestað.

18. Vatnsmýri, samgöngur, Samstarfshópur Mál nr. US180184
Reykjavíkurborgar, HÍ, HR og LSH

Kynnt drög að tillögum samstarfshóps Reykjavíkurborgar, HÍ, HR og LSH um bættar samgöngur í Vatnsmýri. Kynnt.

Fulltrúar Pírata, Samfylkingar og Viðreisnar þakka samgöngustjóra fyrir áhugaverða kynningu og samstarfshópi Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Landspítalans fyrir vandaða vinnu. Sú mikla uppbygging á Vatnsmýrararsvæðinu sem nú er hafin mun leiða stóraukinnar þarfar fyrir skilvirkar og vistvænar samgöngur á svæðinu. Okkur finnst miður að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúar Flokks fólksins og Miðflokksins skyldu kjósa að ganga af fundi og þar með missa af kynningunni og einnig umræðu um þetta mikilvæga mál.

19. Bílastæðastefna, erindisbréf Mál nr. US180201

Lagt fram erindisbréf umhverfis- og skipulagssviðs varðandi stýrihóp um stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum. Meirihluti skipulags- og samgönguráðs skipar Kristínu Soffíu Jónsdóttur og Gunnlaug Braga Björnsson í stýrihópinn. Skipun á fulltrúa minnihlutans í skipulags- og samgönguráðs var frestað.

Fulltrúum Pírata, Samfylkingar og Viðreisnar finnst miður að ekki tókst að fullskipa í stýrihóp um stefnumörkun í bíla- og hjólastæðamálum þar sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúar Flokks fólksins og Miðflokksins kusu að ganga af fundi.

(D) Ýmis mál

20. Götuheiti, Laugardalur, Hólmsheiði, Mál nr. US180196
Landspítalinn

Lögð fram fundargerð nafnanefndar dags 5. júlí 2018 ásamt tillögum að götu- og stígaheitum í Laugardal, Hólmsheiði og við Landspítalann. Frestað.

21. Umhverfis- og skipulagssvið, Mál nr. US130045
innkaupaskýrsla (USK2015020003)

Lagt fram yfirlit yfir viðskipti umhverfis- og skipulagssviðs við innkaupadeild í júní 2018.

22. Njálsgata 36, málskot (01.190.2) Mál nr. SN180461
501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur

Lagt fram málskot ALARK arkitekta ehf. dags. 8. júní 2018 vegna afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 9. febrúar 2018 varðandi nýtingu byggingarréttar á lóð nr. 36 við Njálsgötu. Frestað.

23. Skipholt 11-13, málskot (01.242.3) Mál nr. SN180518

660399-3059 Íslensk fjárfesting ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík

Lagt fram málskot Björns Þórs Karlssonar dags. 3. júlí 2018 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 29. júní 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 11-13 við Skipholt sem felst í að heimila rekstur gististaðar í flokki II á 2. og 3. hæð hússins. Til vara var óskað eftir að heimila gististað í flokki II á 3. hæð hússins.

Frestað.

24. Laugarnestangi 60, málskot (01.314.5) Mál nr. SN180523
180149-2609 Guðrún Eyjólfsdóttir, Laugarnestangi 60, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. júlí 2018 var lagt fram málskot Hlyns Jónssonar lögmanns f.h. Guðrúnar Eyjólfsdóttur dags. 9. júlí 2018 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 26. janúar 2018 um breytingu á deiliskipulagi Laugarness vegna lóðarinnar nr. 60 við Laugarnestanga sem felst í að heimila gististað í flokki II í húsinu.

Frestað.

25. Hraunbær-Bæjarháls, nýtt deiliskipulag Mál nr. SN160847

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 4. júní 2018 þar sem óskað er eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um hljóðvist og loftgæði ásamt lagfæringu á nokkrum atriðum sbr. bréfi áður en stofnunin tekur afstöðu til nýs deiliskipulags fyrir Hraunbæ-Bæjarháls. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 12. júní 2018 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. júní 2018 og breyttum uppdráttum A2F dags. 12. október 2017 síðast breytt 10. ágúst 20. ágúst 2018.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

26. Betri Reykjavík/Þín rödd, Grafarvogur Mál nr. US180185
ofan brúar verði Nauthólsvíkin okkar
(USK2018070005)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "Grafarvogur ofan brúar verði Nauthólsvíkin okkar" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/Þín rödd þann 2. júlí 2018. Erindið var fjórða efsta hugmynd júnímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum skipulagsmál.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

27. Betri Reykjavík/Þín rödd, Mál nr. US180186
Seljahverfisdalurinn (USK2018070006)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "Seljahverfisdalurinn" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/Þín rödd þann 2. júlí 2018. Erindið var fimmta efsta hugmynd júnímánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum skipulagsmál.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

28. Betri Reykjavík/Þín rödd, hjólaleið Mál nr. US180187
(göng) frá Korpúlfsstaðavegi yfir
Vesturlandsveg (USK2018070007)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "hjólaleið (göng) frá Korpúlfsstaðavegi yfir Vesturlandsveg" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 2. júlí 2018. Erindið var efsta hugmynd júnímánaðar á samráðsvefnum í málaflokknum samgöngur.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra.

29. Betri Reykjavík/þín rödd, Mál nr. US180190
Göngu/hjólástígur á Stórhöfða

Lagt fram erindið "Göngu/hjólástígur á Stórhöfða" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 31. júlí 2018. Erindið var efsta hugmynd júlí mánaðar í málaflokknum Samgöngur.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra.

30. Betri Reykjavík/þín rödd, ruslatunnur við Mál nr. US180152
strætóskýli (USK2018060008)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "ruslatunnur við strætóskýli" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 1. júní 2018. Erindið var fimmta efsta hugmynd maímánaðar á samráðsvefnum og jafnframt efst í málaflokknum umhverfismál.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

31. Betri Reykjavík /þín rödd, Ný salerni í Mál nr. US180189
miðbæinn

Lagt fram erindið "Ný salerni í miðbæinn" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 31. júlí 2018. Erindið var efsta hugmynd júlí mánaðar í málaflokknum umhverfismál.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

32. Betri Reykjavík/þín rödd, Mál nr. US180191
Heilsuræktartæki fyrir fullorðin börn

Lagt fram erindið "Heilsuræktartæki fyrir fullorðin börn" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 31. júlí 2018. Erindið var 3 efsta hugmynd júlímánaðar í málaflokknum framkvæmdir.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

33. Betri Reykjavík/ þín rödd, Endurnýja Mál nr. US180192
leiksvæðið á gamla Ármannsvellinum

Lagt fram erindið "Endurnýja leiksvæðið á gamla Ármannsvellinum" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 31. júlí 2018. Erindið var 4 efsta hugmynd júlímánaðar í málaflokknum framkvæmdir.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

34. Betri Reykjavík/þín rödd, Lagfæra og Mál nr. US180193
viðhalda eldri mannvirkjum

Lagt fram erindið "Lagfæra og viðhalda eldri mannvirkjum" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 31. júlí 2018. Erindið var 5 efsta hugmynd júlímánaðar í málaflokknum framkvæmdir.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

35. Betri Reykjavík/þín rödd, Dýraathvarf í Elliðaárdalinn (Víðidalinn) Mál nr. US180194

Lagt fram erindið "Dýraathvarf í Elliðaárdalinn (Víðidalinn)" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 31. júlí 2018. Erindið var 2 efsta hugmynd júlímánaðar í málaflokknum framkvæmdir.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

36. Betri Reykjavík/þín rödd, Skatepark (hlaupahjóla, hjólabretta og bmx leiksvæði) Mál nr. US180195

Lagt fram erindið "Skatepark (hlaupahjóla, hjólabretta og bmx leiksvæði)" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík/þín rödd þann 31. júlí 2018. Erindið var efsta hugmynd júlímánaðar í málaflokknum framkvæmdir.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

37. Húsnæðisuppbygging, tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík Mál nr. SN180519

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 27. júní 2018 þar sem tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá fundi borgarráðs 21. júní 2018 um húsnæðisuppbyggingu er vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs. Einnig er lögð fram umsögn deildarstjóra aðalskipulags Reykjavíkur dags. 10. ágúst 2018.

Lagt fram

38. Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa, ósamræmi í tölum um fjölda íbúða Mál nr. US180200

Lögð fram fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins um ósamræmi í tölum um fjölda íbúða.

Einnig er lögð fram umsögn deildarstjóra Aðalskipulags dags. 10. ágúst 2018.

Lagt fram

39. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Elliðaárdalur, friðlýsing Mál nr. US180177

Lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins þar sem lagt er til að unnið verði að því að Elliðaárdalurinn verði friðlýstur vegna sérstaks náttúrufars og dýralífs. Einnig er lögð fram greinargerð.

Á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs bókuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Marta Guðjónsdóttir og Egill Þór Jónsson eftirfarandi:

Það er ekki tilviljun að meirihlutinn í umhverfis- og heilbrigðisráði bregði á það ráð að fresta tillögu okkar sjálfstæðismanna um friðlýsingu Elliðaárdalsins. Enda liggur fyrir tillaga á dagskrá skipulags- og samgönguráðs í dag um að samþykka nýtt deiliskipulag sem gerir ráð fyrir byggingum sem ganga munu freklega á land Elliðaárdalsinn og gerir ráð fyrir umfangsmikilli starfsemi þar. Það undirstrikar enn frekar nauðsyn þess að unnið verði að friðlýsingu Elliðaárdalsins og nærliggjandi umhverfi hans í samráði við umhverfisráðherra og umhverfisstofnun með þeim hætti sem kveðið er á um í 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

40. Klapparstígur 29, kæra 28/2018 (01.172.0) Mál nr. SN180532
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 16. júlí 2018 ásamt kæru dags. 15. júlí 2018 þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi á lóð nr. 29 við Klapparstíg, auglýst í B-deild Sjórnartíðinda 15. júní 2018.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra.
41. Frakkastígur - Skúlagata, kæra 95/2018 (01.15) Mál nr. SN180525
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 12. júlí 2018 ásamt kæru dags. 10. júlí 2018 þar sem kærð er ákvörðun um breytingu á deiliskipulagi fyrir hluta Skúlagötusvæðis, auglýst í B-deild Sjórnartíðinda 15. júní 2018.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra.
42. Borgartún 24, kæra 96/2018 (01.221.1) Mál nr. SN180526
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 13. júlí 2018 ásamt kæru dags. 13. júlí 2018 þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi á lóð nr. 24 við Borgartún, auglýst í B-deild Sjórnartíðinda 15. júní 2018.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra.
43. Borgartún 24, kæra 97/2018 (01.221.1) Mál nr. SN180531
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 16. júlí 2018 ásamt kæru dags. 13. júlí 2018 þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi á lóð nr. 24 við Borgartún, auglýst í B-deild Sjórnartíðinda 15. júní 2018.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra.
44. Drápuhlíð 36, kæra 99/2018 (01.713) Mál nr. SN180535
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram erndi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 17. júlí 2018 ásamt kæru dags. 17. júlí 2018 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa um að gefa út byggingarleyfi fyrir bílskúr á lóð nr. 36 við Drápuhlíð. Einnig er gerð krafa um stöðvun framkvæmda.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra.
45. Prastargata 1-11, nr. 7b, kæra 87/2018, (01.553.1) Mál nr. SN180453
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 14. júní 2018 ásamt kæru dags. 14. júní 2018 þar sem kærð er samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 16. maí 2018 á breytingu á skilmálum deiliskipulags Fálkagöturéist vegna lóðar nr. 7b við Prastargötu. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 7. júlí 2018.
46. Frakkastígur 26A, kæra 134/2016, (01.182.3) Mál nr. SN160781
umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ásamt kæru, dags. 18. október 2016 þar sem kærð er ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs um breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr.26 og 26A við Frakkastíg. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 22. nóvember 2016. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 20. júlí 2018: Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs frá 17. ágúst 2016 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Kárastígsreits, staðgreinireits 1.182.3, vegna lóðanna nr. 26 og 26A við Frakkastíg í Reykjavík.

47. Vesturgata 40, kæra 150/2016, umsögn, (01.131.2) Mál nr. SN160869
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 16. nóvember 2016, ásamt kæru, dags. 11. nóvember 2016, þar sem kærð er synjun á umsókn um samþykki fyrir breytingum á fasteign á lóð nr. 40 við Vesturgötu. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 15. desember 2016. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 12. júlí 2018. Úrskurðarorð: Felld er úr gildi synjun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 25. október 2016 á umsókn um leyfi fyrir breyttri notkun fyrstu hæðar úr verslun í íbúð, kjallara í vinnustofu og byggingu svala á húsið að Vesturgötu 40, Reykjavík.

8. Bergþórugata 23, kæra 26/2017, umsögn, (01.190.2) Mál nr. SN170208
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 9. mars 2017, ásamt kæru þar sem kærð er synjun á breytingu á notkunarflokk í fjölbýlishúsi á lóð nr.23 við Bergþórugötu. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 4. apríl 2017. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 5. júlí 2018. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 8. febrúar 2017 um að hafna umsókn um að breyta notkunarflokk fjölbýlishúss á lóð nr. 23. við bergþórugötu.

49. Langholtsvegur 113, kæra 44/2017, (01.414.0) Mál nr. SN170361
umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 24. apríl 2017, ásamt kæru, dags. 14. apríl 2017, þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi Langholtsvegar/Drekavogar vegna lóðarinnar nr. 113 við Langholtsveg. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 5. maí 2017. Einnig er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 27. júlí 2018.

50. Laugavegur 59, kæra 128/2017, umsögn, (01.173.0) Mál nr. SN170803
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 27. október 2017 ásamt kæru, þar sem kærð er synjun á leiðréttingu og deiliskipulagsbreytingu vegna Laugavegar 59. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 27. júní 2018. Einnig er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 27. júlí 2018.

51. Sogavegur 73-75, kæra 67/2018, umsögn, (01.811) Mál nr. SN180337
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 3. maí 2018 ásamt kæru dags. 30. apríl 2018 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa frá 19. september 2018 að gefa út byggingarleyfi fyrir Sogaveg 73-75. Jafnframt er gerð krafa um stöðvun framkvæmda. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 25. maí 2018. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 12. júlí 2018. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

52. Dunhagi 18-20, kæra 69/2018, umsögn, (01.545.1) Mál nr. SN180350
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 7. maí 2018 ásamt kæru dags. 5. maí 2018 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa frá 20. mars sl. um útgáfu byggingarleyfis fyrir Dunhaga 18-20. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 23. maí 2018. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 20. júlí 2018. Úrskurðarorð: Felld er úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 20. mars 2018 um að samþykkja byggingarleyfi m.a. fyrir viðbyggingu og hækkun hússins að Dunhaga 18-20 í Reykjavík um eina hæð.

53. Dunhagi 18-20, kæra 70/2018, umsögn, (01.545.1) Mál nr. SN180351
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 7. maí 2018 ásamt kæru dags. 4. maí 2018 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa frá 20. mars sl. um útgáfu byggingarleyfis fyrir Dunhaga 18-20. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 23. maí 2018. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 20. júlí 2018. Úrskurðarorð: Felld er úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 20. mars 2018 um að samþykkja byggingarleyfi m.a. fyrir viðbyggingu og hækkun hússins að Dunhaga 18-20 í Reykjavík um eina hæð.

54. Dunhagi 18-20, kæra 71/2018, umsögn, (01.545.1) Mál nr. SN180359
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 9. maí 2018 ásamt kæru dags. 8. maí 2018 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúa frá 20. mars sl. um útgáfu byggingarleyfis fyrir Dunhaga 18-20. Jafnframt er gerð krafa um stöðvun framkvæmda. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 23. maí 2018. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 20. júlí 2018. Úrskurðarorð: Felld er úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 20. mars 2018 um að samþykkja byggingarleyfi m.a. fyrir viðbyggingu og hækkun hússins að Dunhaga 18-20 í Reykjavík um eina hæð.

55. Miklabraut við Rauðagerði, kæra (01.82) Mál nr. SN180443
83/2018, umsögn, úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 11. júní 2018 ásamt kæru dags. 8. júní 2018 þar sem kært er framkvæmdaleyfi vegna

framkvæmda við Rauðagerði/Miklabraut. Í kærinni er gerð krafa um stöðvun framkvæmda. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. XXXX. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfir- og auðlindamála frá 29. júní 2018. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

56. Hafnarstrætisreitur 1.118.5, breyting á (01.118.5) Mál nr. SN180310
deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 28. júní 2018 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hafnarstrætisreits, reitur 1.118.5.

57. Hlíðarendi, breyting á deiliskipulagi (01.62) Mál nr. SN180360
491299-2239 Valsmenn hf., Laufásvegi Hlíðarenda, 101 Reykjavík
501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 28. júní 2018 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda.

58. Kirkjustétt 2-6, breyting á deiliskipulagi (04.132.2) Mál nr. SN170578
530516-0670 M fasteignir ehf., Bæjarlind 14-16, 200 Kópavogur

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 29. júní 2018 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Kirkjustétt 2-6.

59. Skerjafjörður Þ5, rammaskipulag Mál nr. SN170833

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 29. júní 2018 vegna samþykktar borgarráðs frá 28. júní 2018 á rammaskipulagi fyrir Skerjafjörð.

60. Óðinstorg reitur 1.181.0, breyting á (01.18) Mál nr. SN180124
deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 29. júní 2018 vegna samþykktar borgarráðs frá 28. júní 2018 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Óðinstorgs, reits 1.181.0.

61. Barónsstígur 2-4 og Skúlagata 36, (01.154.3) Mál nr. SN180156
breyting á deiliskipulagi
690310-0900 Reitir VII ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 6. júlí 2018 um samþykki borgarráðs dags. 5. júlí 2018 varðandi auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Barónsstíg 2-4 og Skúlagötu 36.

62. Gerðuberg 1, breyting á deiliskipulagi (04.674.3) Mál nr. SN180448
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 6. júlí 2018 um samþykki borgarráðs dags. 5. júlí 2018 varðandi auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts vegna Gerðubergs 1.

63. Kirkjuteigur 24, Laugarnesskóli, breyting (01.363.0) Mál nr. SN180412
á deiliskipulagi
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 6. júlí 2018 um samþykki borgarráðs dags. 5. júlí 2018 varðandi auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðarinnar Kirkjuteigur 24.

64. Kjalarnes, Mógilsá, breyting á (34.2) Mál nr. SN180203
deiliskipulagi
250964-2429 Guðbergur Grétar Birkisson, Grundarhóll, 162

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 6. júlí 2018 um samþykki borgarráðs dags. 5. júlí 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Mógilsár á Kjalarnesi.

65. Reynisvatnsás, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN180430

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 6. júlí 2018 um samþykki borgarráðs dags. 5. júlí 2018 varðandi auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Reynisvatnsás.

66. Skúlagata 28, breyting á deiliskipulagi (01.154.3) Mál nr. SN180225
670417-0260 S28 ehf., Skúlagötu 28, 101 Reykjavík
010372-3569 Magnús Albert Jensson, Langagerði 88, 108 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 6. júlí 2018 um samþykki borgarráðs dags. 5. júlí 2018 varðandi auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Barónsreits vegna lóðar nr. 28 við Skúlagötu.

67. Skólavörðustígur 36, breyting á (01.181.4) Mál nr. SN170465
deiliskipulagi
480915-1510 Arwen Holdings ehf., Vallakór 4, 203 Kópavogur

